

RECARO



SEAT
FIX

AIR
CIRCULATION
SYSTEM

LIGHT
WEIGHT

ECE
NORM
R 44/04

HERO

ISO
FIX

ADVANCED
((SIDE))
PROTECTION



Barnabílstólar í úrvali

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

BÍLASMIÐURINN HF

SUÐURNESJABLAÐIÐ

— 1. FEBRÚAR 2018 —

2. tölublað, 2. árgangur

Úti er ævintýri



Nú er það orðið ljóst að allir draumarnir um stóriðjustarfsemi í Helguvík eru horfnir að minnsta kosti næstu árin. Hugmyndirnar voru háleitar um mikla atvinnuuppbyggingu á svæðinu, sem átti að skapa atvinnu og miklar tekjur. Útveggirnar standa þar sem álver átti að starfa United Silicon gjaldproti með verulegu tapi fyrir Reykjanesbæ. Fastlega má gera ráð fyrir að Helguvíkudraumar verði ekki eitt af stóru málunum í kosningabaráttunni.

Nýr Nissan
Leaf í apríl



FRJÁLSIR
FJÖLMÍDLAR



Vitlaust
gefið



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.



FALLEGIR LEGSTEINAR



Afsláttur

Í FEBRÚAR

af öllum legsteinum

Bergsteinar

legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



SAMSUNG
WW70 PVOttavél
7 KG. 1400 SN.
Eco Bubble
Verð áður: 64.900,-
Verð nú: 59.900,-



SAMSUNG
DV70 Þurrkari
7 KG. barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.
Verð áður: 89.900,-
Verð nú: 76.415,-

SAMSUNG

Gerð góð kaup!

ORMSSON

HAFNARGATA 23, REYKJANESBÆR, SÍMI 421-1535

SAMSUNG MU6175

49"
KR. 99.900,-



55"

KR. 129.900,-

Seria: 6100 • Tegund: UHD - 4K •
Stærð: 49" eða 123cm • Upplausn skjás:
3840x2160 (4K) - 8M pixlar • Tegund skjás:
LED • PQI: 1300 PQI (Picture Quality Index)

LEIDARI

Frjálsir fjölmiðlar og Ríkisútvarpið

Víð sem erum komin á sæmilegan aldur munum þá tíð þegar Ríkisútvarpið var eitt á markaðnum. Ríkisútvarpið hafði einkaleyfi og engin annar mátti senda út efni, hvorki fréttatengt eða afþreyingu. Sama var uppi á teningnum þegar sjónvarpið kom fyrst til Íslands.

Sennilega gerir unga fólkið í dag sér ekki grein fyrir hvernig þetta var. Nú er hægt að velja á milli fjölmargra stöðva, hvort sem er úrvarp eða sjónvarp. Prentaðir fjölmiðlar eru margir og svo er það veraldarvefurinn. Já, það er gífurlegar breytingar á fáum árum.

Þrátt fyrir allar þessar breytingar rígheldur Ríkisútvarpið í sína stöðu eins og það mögulega getur. RUV er með gífurlegar auglýsingatekjur og hefur svo að auki milljarða tekjur af nefskatti á alla íbúa landsins á aldrinum 16 til 70 ára. Af þeim sökum geta þeir skapað sér yfirbúðastöðu á auglýsingamarkaði með hagstæðari kjörum.

Frjálsir fjölmiðlar eiga margir hverjir erfitt uppdráttir í þessari samkeppni og hafa sumir orðið að gefast upp eins og t.d. hin alíslenska sjónvarpsstöð INN.

Nú hefur nefnd skilað álit til að bæta stöðu frjálsra fjölmiðla á markaðnum. Ein af tillögnum er að taka RUV af auglýsingamarkaðnum. Að sjálfsögðu myndi það þýða tekjutap fyrir RUV, þannig að starfsemin þyrfti að breytast.

Í huga margra vinstri manna má það ekki gerast. Talsmaður Samfylkingarinnar í flestum málum, Helga Vala Helgadóttir, þingmaður, skrifar í Morgunblaðið síðasta föstudag: „Mætti skoða þá leið að útlagsgjald, sem er það lægsta hér á landi samanborið við almannautvarp í nágrennaríkjum, verði hækkað enda einungis rúmar 1000 krónur á mánuði.“

Tillaga Helgu Völu um hækkan. „Mætti skoða að hækka útlagsgjaldið upp í 2500 krónur á mánuði með því að tryggja áframhaldandi starfsemi þrátt fyrir að RUV fari arf auglýsingamarkaði.“

Þetta er dæmigert fyrir Samfylkinguna. Lausnin er að hækka skatta á almenning í landinu. Hvernig væri að RUV yrði að láta sér milljarðana nægja sem koma nú inn af skatttekjum sem lagðir eru á landsmenn. Að sjálfsögðu þyrfti RUV að sleppa ýmsum kostnaði sem nú er til staðar hvað varðar ýmislegt afþreyingarefni og dýra sjónvarpsgerð. Fáir frjálsir fjölmiðlar möguleika á auknum tekjum af auglýsingum geta þeir hæglega tekið það hlutverk að sér.

Sterkt leiðtogaefni Sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ

Í sveitarstjórnarkosningunum árið 2014 tapaði Sjálfstæðisflokkurinn miklu fylgi í Reykjanesbæ. Sjálfstæðisflokkurinn missti meirihluta sinn og tapaði þremur bæjarfulltrúum. Nú verður kosið að nýju í lok maí. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjanesbæ hefur ákveðið að viðhafa uppstillingu á lista flokksins. Fyrir liggur að breytingar verða þar sem núverandi forystumenn eru að hætta. Margrét Sanders hefur gefið kost á sér í oddvitasæti framboðslistans. Margrét er mjög öflug kona, sem hefur mikla þekkingu á viðskiptalífni og þekkir vel til allra mála hér á Suðurnesjum.

Það er mikill fengur fyrir íbúa í Reykjanesbæ að fá hana til forystustarfa í sveitarfélaginu.

Sigurður Jónsson

Húsnæði breytt í leikskóla

Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar var bókað: „Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri umhverfissviðs mætti á fundinn og gerði grein fyrir málinu.

Bæjarráð samþykkir tilboð frá HUG verktökum kr. 74.250.642,- í verkið „Skógarbraut 932“ með fyrirvara um afhendingu og útgáfu afsals fyrir fasteigninni að Skógarbraut 932.“

Nýtt bardagahús í Reykjanesbæ

Íþrótt- og tólmundafulltrúi sagði frá áformum Reykjanesbæjar að koma bardagaíþróttum í Reykjanesbæ undir eitt þak. Unnið er að því í samvinnu við forsvarsmenn bardagadeildanna og gert er ráð fyrir að starfsemin geti farið að stað í byrjun september á nýjum stað.

Orgelsjóður fær styrk

Bæjarráð Reykjanesbæjar hefur samþykkt að styrkja orgelsjóð Keflavíkurkirkju um kr. 300.000,-

Skólastjóri Gerðaskóla hætir

Á fundi bæjarráðs Garðs var lagt fram bréf dags. 16.01.2018 frá Jóhanni Gísla Geirdal Gíslasyni skólastjóra Gerðaskóla, þar sem hann segir upp starfi sínu sem skólastjóri Gerðaskóla að loknu skólaárinu 2017/2018. Samþykkt að fela bæjarstjóra að hefja undirbúning að auglýsingu eftir skólastjóra Gerðaskóla.

Bæjarráð þakkar Jóhanni vel unnin störf og óskar honum vel farnaðar.

Smáhýsi til bjargar húsnæðisvanda

Sandgerðingar tóku ákörðun um að setja nokkur smáhýsi upp til að leysa vanda hvað varðar félagslegt húsnæði. Um er að ræða íbúðir að stærð 25 fermetrar og 50 fermetrar. Þessi ákvörðun mun vinna á löngum biðlista um félagslegt húsnæði.

FRAMBOÐSMÁLIN Í NÝJA SAMEINNAÐA SVEITARFÉLAGINU

Suðurnesjablaðið forvitnaðist aðeibns um framboðsmálin í sameinuðu sveitarfélagi Garðs og Sandgerðis. Sjálfstæðisflokkurinn bauð fram í báðum sveitarfélögum, en Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn eingöngu í Sandgerði. N-listinn bauð eingöngu fram í Garði. H-listin bauð eingöngu fram í Sandgerði. Það verður því fróðlegt að fylgjast með framboðsmálunum. Eftirtaldir svörðu erindi Suðurnesjablaðsins.



Svar N listans

Stjórn N listans hefur ekki komið saman til að fjalla um eða taka afstöðu til næstu skrefa varðandi framboð listans til bæjarstjórnar í nýju sameinuðu sveitarfélagi Garðs og Sandgerðis. Stjórnarfundur er væntanlegur í næsta mánuði og þar munum við ræða málin.

Fyrir hönd N listans Jonína Holm

Sjálfstæðismenn og óháðir bjóða fram

Sjálfstæðismenn og óháðir í Garði hafa í síðustu tveimur bæjarstjórnarkosningum boðið fram undir merkjum D-lista og hefur niðurstaða þeirra kosninga skilað hreinum meirihluta í bæði skiptin. Þá hafa Sjálfstæðismenn og óháðir í Sandgerði einnig boðið fram undir merkjum D-lista og munu þessir aðilar sameinast um að bjóða fram einn lista Sjálfstæðismanna og óháðra í sameinuðu sveitarfélagi í komandi kosningum.

Stjórnir sjálfstæðisfélaganna í Garði og Sandgerði hafa fundað um hvernig staðið verður að framboðinu og einnig er komin fram tillaga um að sameina þessi félög í eitt. Ég hef verið mjög ánægður hvernig stjórnir félaganna hafa nálgast verkefnið, enda nauðsynlegt að vanda til verksins þar sem landslagið verður mikið breytt í komandi kosningum. Á aðalfundum félaganna nú í vikunni mun það skýrast hvaða leið verður farin við framboðið og hefst þá vinnan við undirbúning kosninganna.

Það er ljóst að spennandi tímar og krefjandi verkefni eru framundan í nýju sveitarfélagi sem á gífurlega möguleika á að vaxa og dafna.

Einar Jón Pálsson, Oddviti D-lista Garði



Ákveðið um miðjan febrúar

Það verður fundur um miðjan febrúar þar sem það verður ákveðið hvort boðið verður fram H-Listinn eða ekki.

Magnús Magnússon
oddviti H-listans í Sandgerði



Jöfnuður og gott samfélag

Ég er fullviss um að í nýja sveitarfélaginu verði boðinn fram framboðslisti sem leggur áherslu á jöfnuð og gott samfélag í þeim anda sem við á S-listanum í Sandgerði höfum starfað. Meira veit ég í raun ekki í augnablikinu svo sem hvað hann muni heita eða hvernig hann verði skipaður. Það skýrist allt saman þegar nær dregur kosningum og örugg að öflugt fólk bæði úr Garði og Sandgerði verður þar á ferðinni.

Ólafur Þór Ólafsson oddviti Samfylkingarinnar í Sandgerði

Fá ekki gjaldfrjálsa ferðapjónustu

Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar 25. janúar var gjaldskrá ferðapjónustu fatlaðra 2018 til umræðu.

Hera Ósk Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Sigríður Danielsdóttir, forstöðumaður fjölskyldumála mættu á fundinn og gerðu grein fyrir málinu.

Böðvar Jónsson og Baldur Guðmundsson lögðu fram tillögu um að þjónustan verði gjaldfrjáls. Kristinn Þór Jakobsson tók undir tillöguna þar sem upphæðin sem um ræðir er aðeins kr. 180.000,-.

Tillagan var felld með 3 atkvæðum meirihluta.

Bæjarráð samþykkir með 3 atkvæðum meirihluta að gjalddtaka í ferðapjónustu fatlaðra verði sú sama og gjald fyrir börn og ungmenntu í grunn- og framhaldsskóla skv. gjaldskrá.

Fulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks lögðu fram eftirfarandi bókun:



„Enn og aftur þarf meirihluti bæjarstjórnar að breyta fyrri ákvörðunum sínum varðandi gjalddtöku í strætó. Betra hefði verið að hafa aðgang að strætó gjaldfrjálsan eins og áður var og Sjálfstæðismenn hafa ítrekað lagt til. Nú bætir meirihlutinn um betur og setur gjald á fötluð börn.“

Fulltrúar meirihluta Beinnar leið-

ar, Frjáls afls og Samfylkingar og óháðra lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Velferðarráð Reykjanesbæjar hefur lagt til gjald sem nemur að jafnaði kr. 9.000,- á mánuði. Nú hefur verið samþykkt að það gjald fari í kr. 180,- á mánuði. Til samanburðar greiða fatlaðir einstaklingar í Reykjavík kr. 18.000,- að jafnaði á mánuði.“

2. tölublað, 2. árgangur

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54, 103 Rvk. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason.

Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, sími: 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is.

Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. Ritstjóri: Sigurður Jónsson,

netfang: asta.ar@simnet.is, sími: 847 2779 Umbrot: Vefpressan. Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Upplag: 10.000 eintök. Dreifing: Íslandspóstur. Vefútgáfa PDF: www.fotspor.is

Suðurnesjablaðinu er dreift í 10.000 eintökum ókeypis í allar íbúðir á Reykjanesi.

Blaðið kemur næst út fimmtudaginn 15. febrúar



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

VIÐ VELJUM HYBRID 50% RAFDRIFINN

HYBRID

Orkuskiptin eru hafin! Gríptu tækifærið og kaupu Hybrid á góðum kjörum.

Vertu Hybrid megin í umferðinni ásamt 11 milljónum ökumanna um heim allan.

Hybrid bílarnir frá Toyota eru einstaklega áreiðanlegir og liprir í akstri. Þeir eru búnir hátæknilegum búnaði þar sem kerfið sér sjálft um að skipta milli bensínmotors og rafhlöðu á orkusparandi hátt. Rafhlaðan er hönnuð til að endast líftíma bílsins og þú þarft aldrei að stinga í samband!

Veldu kraft, fegurð og framfarir, og færðu þig yfir á Hybrid í dag.

• Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bílarnir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Þjónusta Reykjanesbæjar betri í átta þáttum af tólf

Íbúar Reykjanesbæjar eru ánægðastir með aðstöðu til íþróttaiðkunar í bæjarfélaginu. Reykjaneshöllin fellur þar undir.

Reykjanesbær kemur vel út í nýrri þjónustukönnun Gallup og hækkar sig um 0,2 stig í 7 þjónustuþáttum og 0,3 stig í einum af samtals 12 sem kannaðir voru. Þjónustuþættirnir eru ánægja með sveitarfélagið sem stað til að búa á, þjónusta grunnskóla sveitarfélagsins, þjónusta við barna-fjölskyldur, eldri borgara og fatlaða, gæði umhverfisins í nágrenninu og ánægja með þjónustu sveitarfélagsins í heild. Ánægja með skipulagsmál almennt í sveitarfélaginu hækkar um 0,3 stig og er munurinn tölfraðilega marktækur þar, ásamt hækkun á þjónustu grunnskóla og þjónustu sveitarfélagsins í heild.

Þjónusta Reykjanesbæjar eru yfir meðaltali sveitarfélaga í átta flokkum af 12, á pari við meðaltal í þjónustu sveitarfélagsins á heildina litið og undir landsmeðaltali í sorphirðu, gæðum umhverfis og ánægju með sveitarfélagið sem stað til að búa á. Í tveimur af þessum þremur flokkum hefur sveitarfélagið bætt sig frá því í fyrra en alltaf er tækifæri til að gera enn betur.

Ánægðastir eru íbúar með aðstöðu til íþróttaiðkunar í bæjarfélaginu, sem fær 4,2 stig af 5 mögulegum, en ánægjan er minnst í skipulagsmálum, 3,3 stig.

Könnunin var framkvæmd af Gallup á tímabilinu 3. nóvember til 17. desember 2017. Um síma- og netkönnun var að ræða og bárust alls 299 svör. (Heimasíða Rnb.)

Atvinna

GE bílar bílasala í Reykjanesbæ óskar eftir bílasala í 100% vinnu.

Um er að ræða sölu á notuðum og nýjum bílum, einnig þau verkefni sem falla til.

Ekki væri verra ef manneskjan talaði íslensku, ensku og pólsku. Tölvukunnátta er kostur.

GE bílar eru umboðsaðilar BL og Bílalands í Reykjanesbæ.

Uppl. í síma 7767600 Guðmundur.



ORLOFSHÚS PÁSKAR 2018

Valkostir:

Akureyri, Hraunborgir 2 hús, Flúðir, Ölfusborgir og Svignaskarð.

Leigutími: 28. mars – 6. apríl

Leigugjald kr. 25.000,-

Hægt er að nálgast umsóknareyðublað á heimasíðu VS og á skrifstofu félagsins.

Umsóknarfrestur er til hádegis föstudaginn 16. febrúar nk. Hægt er að skila umsóknum á vs@vs.is eða á skrifstofu félagsins.

Dregið verður úr innsendum umsóknum.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins,

Vatnsnesvegi 14, Reykjanesbæ eða í síma 421-2570.



Orlofsnefnd

Aflafréttir

Netaveiðin góð

Það ætlar að taka sinn tíma að skrifa þennan pistil. Veikindi voru að stríða mér og því má segja að ég hafi rétt náð að hripa smá orðum á blað fyrir þetta blað.

Janúar mánuður er liðinn þegar blaðið kemur í hús og er búið að vera ansi mikið um að gera í Grindavík og í Sandgerði núna í janúar. Heildaraflinn af bátunum í Grindavík er komin yfir 2000 tonninn og í Sandgerði er aflinn um 1500 tonn.

Veði bátanna hefur verið svona heilt yfir nokkuð góð. Addi Afi GK er með 38 tn í 8. Guðrún Petrína GK 31 tn í 7. Birta Dís GK 17 tni 6.

Von GK 48 tn í 11. Dúddi Gísla GK 40 tn í 6. Bergur Vigfús GK 35,5 tonninn 9. Sunna Líf KE sem er á netum hefur landað 23 tonn í 10 rórðum.

Hjá stóru línubátunum þá er Sturla GK með 316 tni 4. Páll Jónsson GK 300 tonn í 3. Jóhanna Gísladóttir GK 280 tonn í 3. Kristín GK 271 tn í 3. Fjölínir GK 263 tonn í 3. Tómas Þorvaldsson GK 243 tonninn 4. Sighvatur GK 233 tonn í 3. Hrafn GK 214 tonninn 4. Valdimar GK 182 tonninn 3.

Guðbjörg GK 138 tn í 16. Hafdís SU 122 tni 12. Óli á Stað GK 119 tn í 17. Hulda HF 91 tni 14 allir að landa í Sandgerði. Daðey GK 92 tn í 14. Dóri GK 53 tn í 10.

Andey GK 11 tn í 3. Báturinn bílaði þegar hann var að leggja af stað í land og þurfti að koma björgunarskip frá Sandgerði til þess að draga bátinn í land. Bjössu skipstjóri og Leifur sem er að róa á Andey GK færðu sig yfir á annan bát í eigu Stakkavíkur. Rán GK og hafa landað á honum 22 ton í 5 rórðum. Þeir munu svo færa sig yfir á enn annan bátinn því að á Siglufirði er verið að skipta um vél og lagfæra



Katrínu GK og munu þeir fara yfir á þann bát þegar hann er tilbúinn. Andey GK verður aftur á móti lagt og verður einungis notaður á makrílnum. Andey GK var árið 2017 aflahæstur allra handfærabáta sem veiddu makríl það ár.

Ekkert mok er búið að vera í Dragnótinni enn þeir eru líka orðnir ansi fáir bátarnir sem stunda þær veiðar. Enginn dragnótabátur er í Grindavík og þeir fáu sem eftir eru landa í Sandgerði. Sigurfari GK með 57 tni 13. Siggí Bjarna GK 21 tn í 10. Benni Sæm GK 7 tn í 3 og Aðalbjörg RE 5 tonninn 2.

Netaveiðin hefur verið góð. Erling KE er með 187 tn í 18, mestu landað í Sandgerði. Þeir hafa verið að leggja netin á svæði frá Stafnesi og út að Sandvík á Reykjanesi. Þar hafa Erling KE, Sunna Líf KE, Halldór Afi GK og Valþór GK verið með netin. Sömuleiðis hafa Maron GK og Grímsnes GK komið þangað líka. Enn kanski það furðulegast við Maron

GK og Grímsnes GK er að þeir hafa silgt frá Njarðvík fyrir Garðskagann til að komast á netamiðin þarna við stafnes. Þessi krókur er vel yfir 2 klst í siglingu. Þeir á Maroni GK komu reyndar tvisvar til Sandgerðis að landa afla samtals um 18 tonnum. Og spöruðu þar með sér þessa auka siglingu. Grímsnes GK hefur aftur á móti komið í Njarðvík. Hefur landað 83 tonninn 18 rórðum. Maron GK 45 tonninn 13. Valþór GK 14 tonninn 5. Halldór Afi GK 8,1 tonninn 5. Reyndar hefur Halldór Afi GK ekki langað afla síðan 8.janúar, enn þegar þetta er skrifað þá er báturinn kominn til Sandgerðis og er komin á fullt. Kom t.d tvisvar með afla 28.janúar. Þar um borð er Hafþór Örn Þórðarson skipstjóri enn hann var áður með Von GK á línuveiðum enn er sjálfur mikill netakall og sagði hann í samtali við pistlahöfund að hann var kominn með ógeð á línunni og vildi bara vera á netunum. Var hann ansi ánægður með bátinn og sagði að hann léki sér að því að taka 10 tonninn í lestinni á bátunum. Sagði að það væri ekki spurning um hvort, heldur hvenær.

Nú er loðnan farin að láta sjá sig, reyndar ekki hérna fyrir sunnan. Hún er ennþá fyrir austan landið enn fer að láta sjá sig hérna þegar líða tekur á febrúar. Eini móttökustaðurinn fyrir loðnu á ansi stóru svæði frá Þorlákshöfn og að Akranesi er í Helgúvík og þar hafa skipin verið að koma með loðnu í bræðslu og sem líka er tekin hrognin úr og fryst. Það er af sem áður var þegar að loðnu var landað í Þorlákshöfn. Grindavík og í Sandgerði. Kemur ekki eitt gramm af loðnu inná þessar hafnir núna.

Gísli R.

VITLAUST GEFIÐ

Ástjórnarfundir Öldungaráðs Suðurnesja 22.janúar 2018 lagði Eyjólfur Eysteinnsson formaður eftirfarandi fram:

Formaður Öldungaráðs Suðurnesja kynnti eftirfarandi mál á fundi með Sambandi sveitarfélaga Suðurnesjum 13. desember 2017:

Það er löngu ljóst að bið eftir hjúkrunarrýmum er lang lengst hér á Suðurnesjum samkvæmt upplýsingum í skýrslum heilbrigðisráðuneytisins.

Heilbrigðisráðuneytið hefur gengið fram hjá Suðurnesjum þegar teknar hafa verið ákvarðanir um byggingu hjúkrunarheimila. Sækja verður um heimild til þess að fjölga hjúkrunar-rúmum, þörfin á eftir að aukast enn þar sem íbúum fer ört fjölgandi, sem dæmi þá fjölgaði íbúum í Reykjanesbæ einum um rúmlega 1400 árið 2017. Minna má á skýrslu Haraldar Línal á nauðsýn fjölgunar hjúkrunarrýma á Suðurnesjum.

Efla þarf Heilbrigðisstofnun Suðurnesja en þjónusta þess hefur farið aftur frá því sem var við byggingu sjúkrahúsins.

Slysamóttöku sjúkrahúsins verður að styrkja sérstaklega vegna fjölgunar göngu sjúklinga vegna aukinnar umferðar á Keflavíkurflugvelli. Skurðeildir verður að nýta betur, en nú eru sjúklingar fluttir til Reykjavíkur til aðgerðar sem áður var hægt að sinna á sjúkrahúsinu í Reykjanesbæ. Fjölga verður hjúkrunarfræðingum og sérfræðilæknum við sjúkrahúsið.

Miklar breytingar hafa orðið á



rekstri fæðingardeildar sjúkrahúsins. Fæðingum hefur fækkað frá árinu 2004 en þær voru 200 til 300 á árum áður en voru 83 árið 2013. Til þess að skapa fæðandi konum og barni aukið öryggi verður fæðingalæknir, svæfingalæknir og skurðlæknir að starfa við sjúkrahúsið.

Ráðnir verða heimilislæknar á heilsugæslustöðina og fjölga þarf hjúkrunarfræðingum.

Skipuleggja verður viðveru lækna og móttöku þeirra á sjúklingum að deginum. Auka verður þjónustuna frá því sem nú er við íbúa í Garði, Sandgerði og Vogum með viðverðu heimilislækna og hjúkrunarfræðinga. Íbúum fjölga mikið á Suðurnesjum og því edlilegt að auka þjónustuna enda var í upphafi gert ráð fyrir að þjónusta

heilsugæslu væri skipulögð víðar en í Reykjanesbæ.

Stefna ber að samþættingu heimahjúkrunar og félagslegrar heimilishjálpar á Suðurnesjum.

Öldungaráð hefur fundað með forstjóra HSS og hefur hann tekið að sér að koma saman nefnd með þeim sem að málið varðar. Það hefur ekki orðið þrátt fyrir að gengið hafi verið eftir því við forstjóran.

Að lokum þetta:

Mikið vantar á að fjárframlög ríkisins til heilbrigðismála á Suðurnesjum jafnist á við framlög til annarra heilbrigðisumdæma á Íslandi eins og nýleg skýrsla bæjarstjórnar Reykjanesbæjar sýnir. Það hefur verið vitlaust gefið.

Eyjólfur Eysteinnsson

lõnaðarmenn og aðrir, kerrurnar frá **HUMBAUR** hafa margsannað sig á Íslandi!



Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452,- án vsk.



Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.



750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229.839,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201.612,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169.355,- án vsk.



Startrailer 750kg, gerð 1280, mál: 205x109,5x30cm. Verð kr: 120.888,- án vsk.

Nýtt á Íslandi frá **WÖRMANN** kerrum world of trailers



Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.



Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718
SMÍÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI



Sætoppur ehf. • Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfirði • Sími 551 7170 • www.saetoppur.is



FLUTNINGAÞJÓNUSTA

milli Suðurnesja og
höfuðborgarsvæðis

- ➔ Suðurnes
- ➔ Reykjavík
- ➔ Suðurnes

*Tvisvar
á dag!*

YANMAR
 FYRIR SJÁVARÚTVEGINN

Prestolite
 electric

Poly Flex
 AUSTRALIA


Navalloy

MAESTRINI

SIMRAD

Dýptarmælar og ratsjár

 Chirp breiðbands dýptarmælir.
 G3-, G4-, Halo- og HD Digital ratsjár.
 Hraðvalstakkar auðvelda vinnu.
 Einfaldar aðgerðir.

 Einfalt valmyndakerfi.
 Góð litastýring á skjá.
 Innfellt eða standandi.
 9" eða 16" skjáir

 Marás ehf
 Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
 S: 555 6444 - www.maras.is


 Friðrik A. Jónsson ehf
 Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
 S: 552 2111 - www.faj.is

Vatnshitablásarar


Tilboð
89.990

 Öflugir blásarar með
 pykkar kopar pípum
 og léttari hönnun.

Þakblásarar


Þurrktæki
 Er rakastigið of hátt?

Tilboð
 frá kr
39.990


Loftviftur



Gluggaviftur



Útsogsviftur


Íshúsið

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur


viftur.is
 -andaðu léttar



GE BÍLAR

bílaLand
REYKJANESBÆ



LAND ROVER Discovery. Árgæð 2017, ekin 25 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 8.990.000.** Rnr.203269.



LAND ROVER LIMITED Discovery 4 se. Árgæð 2016, ekin 75 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 8.990.000.** Rnr.203358.



LAND ROVER Range rover evoque hse. Árgæð 2016, ekin 29 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 9 gírar. **Verð 8.290.000.** Rnr.203299.



LAND ROVER Discovery sport hse 7 manna. Árgæð 2015, ekin 44 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 9 gírar. **Verð 6.680.000.** Rnr.212548.



NISSAN X-trail. Árgæð 2017, ekin 14 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 5.950.000.** Rnr.203409.



SUBARU Outback premium. Árgæð 2017, ekin 26 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 5.180.000.** Rnr.212547.



BMW X1 xdrive18d. Árgæð 2017, ekin 28 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 4.990.000.** Rnr.203387.



BMW X1 xdrive18d. Árgæð 2017, ekin 29 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 4.990.000.** Rnr.203117.



RENAULT Scenic iv grand bose. Árgæð 2017, ekin 1 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 4.890.000.** Rnr.203370.



HYUNDAI Santa fe comfort. Árgæð 2015, ekin 93 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 4.690.000.** Rnr.203385.



HYUNDAI Tucson comfort. Árgæð 2017, ekin 62 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. **Verð 4.390.000.** Rnr.203390.



NISSAN Qashqai. Árgæð 2017, ekin 16 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 4.290.000.** Rnr.203386.



NISSAN X-trail acenta 4x4. Árgæð 2016, ekin 40 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 4.090.000.** Rnr.203250.



HYUNDAI Santa fe. Árgæð 2015, ekin 170 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 3.990.000.** Rnr.203344.



RENAULT Kadjar zen 4wd. Árgæð 2017, ekin 32 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.890.000.** Rnr.203354.



RENAULT Kadjar zen 4wd. Árgæð 2017, ekin 30 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.890.000.** Rnr.203229.

GE BÍLAR EHF - BOLAFÓTUR 1 - 260 REYKJANESBÆ



KIA Sportage. Árgerð 2014, ekinn 126 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 3.390.000.** Rnr.203356.



SUBARU Forester premium. Árgerð 2016, ekinn 86 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 3.290.000.** Rnr.203200.



RENAULT Talisman zen sport tourer. Árgerð 2017, ekinn 33 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 3.290.000.** Rnr.203243.



RENAULT Kadjar zen 2wd ssk. Árgerð 2016, ekinn 28 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 3.290.000.** Rnr.203320.



RENAULT Megane zen. Árgerð 2017, ekinn 29 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 2.790.000.** Rnr.203201.



RENAULT Kadjar zen 4wd. Árgerð 2016, ekinn 70 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 2.790.000.** Rnr.203277.



DACIA Duster. Árgerð 2016, ekinn 22 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 2.790.000.** Rnr.203375.



RENAULT Kadjar zen 4wd. Árgerð 2016, ekinn 65 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 2.690.000.** Rnr.203202.



HYUNDAI I30. Árgerð 2015, ekinn 22 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. **Verð 2.690.000.** Rnr.203369.



NISSAN Juke. Árgerð 2015, ekinn 30 þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.590.000.** Rnr.203249.



HYUNDAI I20 comfort. Árgerð 2017, ekinn 4 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. **Verð 2.580.000.** Rnr.212550.



HYUNDAI Ix20 comfort. Árgerð 2014, ekinn 43 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. **Verð 2.390.000.** Rnr.203224.



SKODA Octavia. Árgerð 2014, ekinn 142 þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð 2.190.000.** Rnr.202836.



RENAULT Clio. Árgerð 2015, ekinn 41 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 2.190.000.** Rnr.203170.



RENAULT Clio. Árgerð 2015, ekinn 54 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 1.990.000.** Rnr.202971.



RENAULT Clio. Árgerð 2014, ekinn 39 þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 1.990.000.** Rnr.202916.



OPEL Corsa e. Árgerð 2015, ekinn 20 þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 1.990.000.** Rnr.203373.



HYUNDAI I30. Árgerð 2014, ekinn 54 þ.KM, bensín, 6 gírar. **Verð 1.890.000.** Rnr.203406.



DACIA Logan. Árgerð 2015, ekinn 46 þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 1.890.000.** Rnr.203248.



DACIA Logan tourer. Árgerð 2015, ekinn 25 þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 1.880.000.** Rnr.212527.



NISSAN Note. Árgerð 2014, ekinn 53 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.790.000.** Rnr.203340.



HYUNDAI I30 classic wagon. Árgerð 2016, ekinn 88 þ.KM, bensín, 6 gírar. **Verð 1.690.000.** Rnr.203388.



RENAULT Megane tourer. Árgerð 2012, ekinn 78 þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. **Verð 1.670.000.** Rnr.212549.



TOYOTA Yaris. Árgerð 2016, ekinn 67 þ.KM, bensín, 6 gírar. **Verð 1.490.000.** Rnr.203389.



RENAULT Clio. Árgerð 2015, ekinn 44 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.490.000.** Rnr.203345.



TOYOTA Yaris. Árgerð 2013, ekinn 82 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.390.000.** Rnr.203347.



HYUNDAI I10. Árgerð 2014, ekinn 31 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.290.000.** Rnr.203372.



NISSAN Micra. Árgerð 2013, ekinn 68 þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.090.000.** Rnr.203309.



Nýr Nissan Leaf kemur í apríl

Það er mikill áhugi á nýrri kynslóð rafmagnsbíla hjá GE bílasölu,sem selur bíla frá BL umboðinu. Nissan Leaf rafmagnsbíllinn kemur í apríl. Hér er gjörbreyttan bíl að ræða frá þeim sem eru nú á markaðanum. Þessi bíl er gefinn upp með 378 kílómetra drægni,en sá sem er núna á markaðnum hefur 250 kílómetra drægni.

Þegar hafa borist um 130 forpantanir á nýja Nissan Leaf bílnum á Íslandi.

Gert er ráð fyrir að nýi rafbíllinn muni kosta frá um 3,5 milljónum króna.



Fjölbreytt flóra bíla hjá GE bílum

Það er langur listinn hjá GE bílum af framboði á nýjum bílum. Allt frá litlum ódýrum bílum upp í dýra lúxusbíla. Ólafur Einarsson,sölumaður,sagði að síðasta ár hefði verið mjög gott í sölu á nýjum bíla. Ágætis hreyfing einnig á notuðum bílum sérstaklega á minni ódýrum.

Mest seldu nýju bílarnir voru á síðasta ári Nissan Qashqai og Dacia.



SÉRSTÖK SKILYRÐI FYRIR ÚTHLUTUN BYGGÐAKVÓTA

Á fundi Hafnaráðs Sandgerðis var rætt um Byggðakvóta fiskveiðiársins 2017/2018

Kynnt var bréf dags 21. nóvember sl. frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um úthlutun 251 þorskígildistonna til Sandgerðisbæjar fyrir fiskveiðiárið 2017/2018. Á fundi bæjarstjórnar 2.1.2018 var umfjöllun um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta Sandgerðis fyrir fiskveiðiárið 2017/2018 til hafnaráðs til umsagnar.

Magnús S. Magnússon lagði til að ekki yrði leitað eftir því við ráðuneytið að settar verði sérreglur um úthlutun kvótans nema að því leiti að aflanum verði landað í Sandgerði. Tillagan hlaut ekki brautargengi.

Formaður leggur til að lagt verði til við ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflamarks í Sandgerði fyrir fiskveiðiárið 2017/2018 og að þau verði svohljóðandi:

“1. Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verði: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt þannig að 30% byggðakvótans skiptist jafnt milli skipa þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi bátur landaði í þorskígildum í Sandgerði á fiskveiðiárinu 2016/2017 og 70% skipt hlutfallslega til sömu skipa af því aflamarki sem fallið hefur til Sandgerðis, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.

2. Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verði: Fiskiskipum er skylt að landa í Sandgerði þeim afla sem telja á til byggðakvóta Sandgerðis og til vinnslu innan Sandgerðisbæjar á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.

Tillagan var samþykkt með þremur atkvæðum. Daði Bergþórsson sat hjá við afgreiðslu málsins. Magnús S. Magnússon gerði athugasemdir við framkvæmd atkvædagreiðslunnar.

Pabbar og afar í Þorrakaffi

Þörnir á leikskólunum eru að sjálfsögðu frædd um gamlar hefðir eins og bóta þorrann og halda í gamlar hefðir og borða súrsaðan mat,hákarl og fleira góðmeti.

Einn skemmtilegur siður í þessu sambandi er að bóða pöbbum og öfum í Þorrakaffi einn morguninn. Suðurnesjablaðið mætti á leikskólann Heiðarsel og smellti nokkrum myndum.





Eldri borgarar blótuðu Þorrann á Nesvöllum

Það má segja með sanni að Suðurnesjamenn eru duglegir við að blóta Þorrann. Fjöldmörg Þorrablót eru haldin í öllum sveitarfélögum. Þau njóta sífellt meiri vinsælda. Eldri borgarar á Suðurnesjum tóku þátt í gleðinni og var uppselt á Þorrablóti þeirra á Nesvöllum.

Ljómandi skemmtiatriði voru í boði. Dansflokkur kom frá Selfossi og sýndi Kántri dansa undir stjórn Jóns Þórs Antonssonar.

Alexandra Chernysova söng nokkur lög við góðar undirtektir.

Dregnir voru út fjölmargir happdrættisvinningar. Það voru svo Suðurnesjamenn, sem spiluðu fyrir dansi. Veislustjóri var Jón Berg Halldórsson.



Vinnupjarkar Þýsk og japönsk gæðavara



Hanix H27DR
þyngd 2825kg
vél: Kubota
14,4KW (19hó)

Weycor AR65e
þyngd 5150kg
vél: Deutz (vatnskæld)
54KW (73hó)

Til sjós eða lands
Við græjum það



ÁSAFL
asafi.is

HJALLAHRAUNI 2, 220 HAFNARFIRÐI

Opið 8:30 - 17:00 virka daga - Sími: 562 3833



Forvarnarmál rædd í Vogum

Að undanfögnu hefur borið á því að ungmenni undir aldri hafi sótt í að leigja samkomusali undir samkvæmi. Lögreglan á Suðurnesjum hefur jafnvel þurft að hafa afskipti af slíku samkvæmi.

Samsuð hefur nú sent ábendingu til umsjónarmanna slíkra samkomusala þar sem þeir eru minntir á þær reglur sem gilda um slíka starfsemi og þá ábyrgð sem henni fylgir.

Fristunda- og menningarfulltrúi sagði einnig frá niðurstöðum tóbakskonunnar Samsuð sem framkvæmd var á dögunum. Þar gátu ungmenni fengið keyptar sigarettur

í nærri helmingi sölustaða tóbaks á Suðurnesjum. Útkoma konunnarinnar er áhyggjuefni m.t.t. forvarna.

Ánægjulegri niðurstöður fengust í áfengissölukönnun Samsuð sem fór fram á svipuðu tímabili. Þar fékk ekkert ungmenni keypt áfengi í vinnubúðum á svæðinu og er það gleðiefni.

Afgreiðsla FMN

Nefndin fagnar því að Samsuð láti þessi mál sig varða. Það er fagnaðarefni að áfengissölustaðir standist prófið og jafnframt áhyggjuefni að sjá niðurstöður tóbakssölukönnunarinnar. FMN hvetur Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja til að ganga í málið.



Gestum fjölgar í Vatnaveröld

Hafsteinn Ingibergsson upplýsti á fundi Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjaneshæjar að gestir Vatnaver-

aldarinnar árið 2017 hefðu verið 174.262 þar af voru starfsmenn Reykjaneshæjar 6.270 en eins og kunnugt er fengu starfsmenn

Reykjaneshæjar sundkort í jólagjöf. Um er að ræða aukningu á gestum en 159.146 sóttu Vatnaveröld árið 2016.

Bæta æfingaaðstöðuna

Íþrótt- og tómstundaráð Reykjaneshæjar hefur samþykkt að bæta æfingaaðstöðu til knattspyrnuíðkinnar. Fulltrúar knattspyrnudeildar Keflavíkur

fylgdu eftir erindi sínu sem lýtur að því að bæta aðstöðu félagsins. Ljóst er að með auknum íbúafjölda eykst þátttökufjöldi hjá deildinni með aukinni kröfu um bæta aðstöðu.

ÍT ráð samþykkir að styrkja erindið um 500.000 til að bæta æfingaaðstöðu félagsins fyrir barna og unglingastarf.

Sumarstarf á söluskrifstofu Icelandair í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Icelandair leitar að öflugum liðsmanni á söluskrifstofu félagsins í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkflugvelli.

STARFSSVIÐ

- Upplýsingagjöf, ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini
- Sala á flugfargjöldum og hóteltgistingu
- Útgáfa ferðagagna
- Önnur tilfallandi verkefni

Um er að ræða tímabundna ráðningu frá febrúar út ágústmánuð 2018, með möguleika á áframhaldandi ráðningu.

Unnið er á vöktum 2-2-3.

Við leitum að áhugasömum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf í alþjóðlegu og skemmtilegu starfsumhverfi.

HÆFNISKRÖFUR

- Menntun í ferðafræðum, IATA UFTAA próf er æskilegt
- Þekking og reynsla af farseðlaútgáfu og Amadeus bókunarkerfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg
- Góð almenn tölvuþekking er nauðsynleg
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Jákvætt hugarfar og rík þjónustulund
- Hæfni til að vinna í hóp
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Geta til að vinna undir álagi

Nánari upplýsingar veita:

Ólafía G. Ólafsdóttir | olafia@icelandair.is
Ásta B. Davíðsdóttir | astad@icelandair.is

+ Umsókn og ferliskrá óskast fylltar út á vef Icelandair
www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 4. febrúar 2018.

ICELANDAIR



Tími til að kveðja pólitíkina

Árni Sigfússon oddviti Sjálfstæðismanna í Reykjaneshöfðum ákveðið bjóða sig ekki fram í sveitarstjórnarkosningunum í lok maí á þessu ári. Árni segir m.a. í færslu á facebook síðu sinni.

„Árið 2002 var mín freistað með áhugaverðu verkefni á Suðurnesjum. Fjölskyldan flutti til Reykjaneshöfða, ég var kjörinn bæjarfulltrúi, oddviti sjálfstæðismanna og ráðinn bæjarstjóri 2002-2014. Ég hef verið bæjarfulltrúi og oddviti Sjálfstæðisflokksins á þessu kjörtímabili, sem nú er að ljúka.

Árangur verkefna í Reykjaneshöfðum hefur ekki tekist nema með gríðarlegum stuðningi bæjarbúa við þá framtíðarsýn sem við unnum eftir. Það tókst m.a. á 12 árum að koma grunnskólum okkar úr neðstu röð skóla í samræmdum prófum upp í efstu raðir. Umhverfið tók stakkaskiptum, strandlengjan sem árlega brotnaði úr var varin, gerður 10 km göngustígur meðfram henni og miklar umhverfisbætur unnar í samfélagi okkar. Við gerðum umferð greiðfærari og öruggari með hringtorgum og styrktum almenningsgöngum. Við gerðum þær gjaldfrjálsar og notkun þeirra margfaldaðist. Við byggðum félagsmiðstöð



eldri borgara og hjúkrunarheimili í miðjum bænum. Við horfðum fram á eina hröðustu íbúaaukningu á landinu og undirbyggum bæinn fyrir hana með skipulagi nýrra atvinnusvæða og íbúahverfa, byggingum leik- og grunnskóla og vönduðu starfi þeirra,

nýjum tónlistarskóla, íþrótta- og samfélagsmannvirkjum.

Ekkert sem reynist gott í þessum heimi gerist án einhverra óþæginda. Þessi undirbúningur var kostnaðarsamur fyrir sveitarfélagið og tók á. Ekki síst þegar ellefu hundruð störf

hurfu með stuttum fyrirvara við brott-hvarf varnarliðsins og efnahagshrunið varð nánast í beinu framhaldi. Erfið fæðing fyrirtækja í Helgúvík var heldur ekki til að styrkja stöðuna. Við þurftum hjálparlaust að vinna okkur út úr vandanum. Við menntuðum

okkur út úr kreppunni. Menntastig alls samfélags okkar er í dag á allt öðrum stað en það var fyrir fáeinum árum.

Allt er þetta nú að skila sér til baka. Bærinn okkar er nú aðlaðandi möguleiki til búsetu, íbúum fjölga ört og tekjur bæjarins styrkjast. Við vorum tæplega 11 þúsund árið 2002 en erum að verða 18 þúsund. Þessari fjölgun var eingöngu hægt að mæta vegna alls uppbyggingarstarfsins sem hafði átt sér stað.

Nú er annarra að taka keflið og þar eru margir hæfir. Ég hef dáðst að því að þegar fjölskylda mín flutti til Reykjaneshöfða voru mörg ungmenni innan raða sjálfstæðismanna sem sýndu bæjarmálunum áhuga. Þessir einstaklingar hafa á 16 árum flestir gengið menntaveginum og bætt við sig reynslu og þekkingu. Þarna er mikið hæfileikafólk, ásamt eldri og reyndari einstaklingum, sem ég vona að myndi öfluga forystu á næsta kjörtímabili.

Ég á þá ósk heitasta að í samfélagi okkar byggjum við áfram á því sem vel hefur verið gert, mótum áfram sterka framtíðarsýn og fylgjum eftir með skýrum verkefnum, mælum árangurinn og endurskoðum eftir þörfum“.



Margrét Sanders næsti leiðtogi Sjálfstæðismanna?

Fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna í Reykjaneshöfðum hefur ákveðið að viðhafa uppstillingu á lista flokksins við sveitarstjórnarkosningarnar í lok maí. Fyrir liggur að

Árni Sigfússon og Böðvar Jónsson gefa ekki kost á sér til framboðs. Margrét Sanders hefur list yfir áhuga á að skipa oddvitasæti Sjálfstæðisflokksins í komandi kosningum.



Ísak Ernir vill ofarlega á lista

Ísak Ernir Kristinsson sækist eftir að skipa eitt af efstu sætum lista Sjálfstæðisflokksins í komandi kosningum til sveitarstjórnar í

Reykjaneshöfðum. Ísak Ernir hefur list yfir stuðningi við Margréti Sanders sem oddvita listans.



Sköpunarkrafturinn býr innra með okkur. Við leitumst við að móta umhverfi okkar eftir eigin smekk og þörfum til að öðlast samhljóð og jafnvægi í daglegu lífi.

Silestone býður þér upp á fjölbreytta nálgun við þessa tjáningu þegar þú vilt móta nýtt eldhús eða baðherbergi á persónulegan hátt. Silestone er fánlegt í fjölbreyttum áferðum og litum. Silestone bjóða einir upp á borðplötur með varanlegri bakteríu- og sveppavörn.

Gefðu heimilinu ferskleika og líf á þínum forsendum með Silestone.

www.silestone.com

Steinsmiðjan
Rein
Sníðum að þínum þörfum

R



BJÖRGUNARSVEITIN FÆR STYRK

Á fundi bæjarráðs Grindavíkur 23. janúar s.l. var eftirfarandi bókað: (Nýbygging björgunar-sveitarinnar: styrkbeiðni „Á fundi bæjarstjórnar nr. 469 þann 29.12.2016 bókaði bæjarstjórn eftirfarandi:

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að veita Björgunarsveitinni styrk að fjárhæð 7.000.000 króna. Útgreiðsla styrksins verður í nánara samkomulagi við Björgunarsveitina.

Bæjarráð samþykkir útgreiðslu styrksins og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka við fjárhagsáætlun 2018 að fjárhæð 7.000.000 kr. sem tekið verði af handbæru fé.



Verkefnastjóri fjölmennningar

Bæjarráð Reykjaneshæjar hefur samþykkt að auglýsa stöðu Verkefnastjóra fjölmennningar Meirihluti bæjarráðs samþykkir að auglýsa stöðuna og kostnaður vegna þess er tekinn út af bókhaldslykli 21011. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks greiða atkvæði gegn afgreiðslu málsins og leggja fram eftirfarandi bókun:

„Gagnvart starfsmanni um fjölmenningu þá styðjum við hugmyndir um ráðningu á því sviði enda áður góð reynsla af slíku starfi hjá Reykjaneshæ.

Liðlega helmingur fólks af erlendu bergi sem býr í bænum eru Pólverjar og því nánast sjálfgefið að starfsmenn sem vinna að fjölmenningu í sveitarfélaginu geti tjáð sig á þeirra tungumáli. Þetta er ekki gert að skilyrði samkvæmt ákvörðun meirihlutans. Við teljum skynsamlegra að tveir starfsmenn verði ráðnir í 1/2 stöðu-gildi hvor og að skilyrði sé að þeir sem ráðnir verða tali pólsku. Þessu atriði er einnig hafnað af meirihlutunum.“

Hvatagreiðslur hækka

Þann 1. janúar 2018 hækkuðu hvatagreiðslur Reykjaneshæjar í 28.000 kr. og að auki var aldurshámarkið hækkað í 18 ár.



Starfsfólki á skrifstofu fjölgað um 20%

Á fundi bæjarráðs Reykjaneshæjar 18. janúar s.l. var rætt um stöðu Verkefnastjóra viðskiptaþróunar

Meirihluti bæjarráðs samþykkir að auglýsa stöðuna og kostnaður vegna þess er tekinn út af bókhaldslykli 21011. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks greiða atkvæði gegn afgreiðslu málsins og leggja fram eftirfarandi bókun: „Samkvæmt framlögðum upplýs-

ingum hefur starfsfólki fjölgað um tæp 20% á bæjarskrifstofunni frá 2014. Eðlilegra hefði verið að endurskoða þau störf sem tengjast markaðs- og kynningarmálum í stað þess að bæta enn einu starfi við. Því leggjumst við gegn ráðningunni og teljum að hægt væri að finna verkefnunum farveg hjá þeim starfsmönnum sem bætt hefur verið við á þessu kjörtímabili.“



Norrænt bollukaffi

Á bolludaginn, mánudaginn 12. febrúar býður Norræna félagið í Garði til bolluveislu kl. 17:00 í salnum á neðri hæð Vörðunnar í Sandgerði. Allir Sandgerðingar og Garðmenn sem áhuga

hafa á norrænum málefnum og starfi Norræna félagsins eru hjartanlega velkomnir.

Verkefni framundan verða kynnt, m.a. boð um vinabæjarheims-sókn til Nybro í Svíþjóð, Viðeyjarferð

o.fl. Mætum sem flest og ræðum norrænt samstarf sem er til fyrirmyndar í heiminum í dag.

F.h. stjórnar,
Erna M. Sveinbjarnardóttir

Breitt úrval atvinnutækja



Compair loftpressur



Stema kerrur

Til sjós eða lands Við græjum það



asafl.is
ÁSAFL

HJALLAHRAUNI 2, 220 HAFNARFIRÐI

Opið 8:30 - 17:00 virka daga - Sími: 562 3833

Húsnæði til leigu í Reykjanesbæ



Klettatröð 19, Keflavíkurflugvöllur

Húsnæðið skiptist í

- 4 skrifstofur, eldhús, salerni, afgreiðslu og salur.
- Samtals ca 600 m²
- Eignin er laus fljótlega.



Bolafótur 1 Njarðvík

- 2x 108 m² salir, nýttir sem bílaverkstæði í dag.
- Ca 80 m² afgreiðsla, 40 m² skrifstofa á efri hæðinni og sameiginlegt eldhús og salerni.
- Eignin er laus frá og með 1 júlí
- Samtals ca 365 m²

Frekari upplýsingar í síma 776 7600 Guðmundur
eða gummi@touringcars.eu

TCI Fasteignafélag ehf

HÚSBÍLAÆÐI !



Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll

árg 2010, ekinn 124 þ. km, 6 gíra, á tvöföldum að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. Verð 5.990.000
Verð nú 4.250.000.



Ford Transit 2.2 diesel LMC húsbíll

árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. Verð 4.990.000.-
Verð nú 3.650.000.



Ford Transit 2.2 diesel LMC húsbíll

árg 2009, ekinn 127 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. Verð 4.990.000,
Verð nú 3.650.000.



Ford Transit 2.2 diesel Hymer húsbíll

árg 2008, ekinn 117 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. Verð 4.990.000
Verð nú 3.650.000.



Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll

árg 2011, ekinn 145 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. Verð 5.590.000
Verð nú 4.750.000.



Ford Transit 2.2 diesel LMC húsbíll

árg 2009, ekinn 110 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 til 3 tvöfalt rúm aftast sólarsetla Verð 5.990.000
Verð nú 4.650.000.



Ford Transit 2.2 diesel LMC húsbíll

árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur Verð 4.990.000
Verð nú 2.200.000.
Bíllinn er bílaður líklegast með ónýta vél.



Dacia Dokker 1.5 diesel

árg 2016, ekinn 28 þ. km, 5 gíra, svefnpláss fyrir 2, sólarsetla og öndun á topp, klár í notkun. Verð 1.990.000.-



Range Rover Vogue diesel 3.6 vél, ekinn 205 þ. km, sjálfskiptur, bíllinn er nánast með öllu. Verð 3.990.000
Verð nú 3.490.000

Allir bílarnir eru staðsettir í Keflavík. Upplýsingar í síma 776 7600

Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)



Gaflaraleikhúsið kynnir



Í SKUGGA SVEINS

Stórskemmtilegur fjölskyldusöngleikur
eftir Karl Ágúst Úlfsson

Sýningar

sunnudag 4. febrúar kl 13.00
sunnudag 11. febrúar kl 13.00
sunnudag 18. febrúar kl 13.00
sunnudag 25. febrúar kl 13.00



MIDI.IS

midasala@gaflaraleikhusid.is